

Sent umhverfisráðuneytinu

Reykjavík 20. maí 2003
2003040011/016-0
HT/hj

Umsögn um umsókn Þeistareykja ehf um framlengingu rannsóknarleyfis

Með bréfi dagsettu 14. apríl 2003 óskar Umhverfisráðuneytið umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi umsókn Þeistareykja ehf um framlengingu rannsóknarleyfis á jarðhitasvæðinu á Þeistareykjum til næstu 5 ára og forgang til nýtingar jarðhitasvæðisins í allt að tvö ár eftir þann tíma, eða í 7 ár. Ákvörðun um virkjun á að liggja fyrir 2007. Orkustofnun-ROS sækir um framlengingu leyfa í umboði Þeistareykja ehf.

Svæðið sem um ræðir liggur vestan og norðan við s.n. Bæjarfell, vestan í Ketilfjalli og um láglendið vestan þessara fjalla. Ein djúp (1953 m) rannsóknarhola, ÞG-1, hefur verið boruð á svæðinu (2002), á Þeistareykjargrundum norðan við Bæjarfjall og tókst borun hennar vel. Talsvert rask hefur fylgt þeirri borun, þó ekki umfram það sem vænta mátti af svo mikilli aðgerð. Tilgangur rannsókna er að bora eftir gufu til raforkuframleiðslu og gefur ÞG-1 mjög góðar vonir um framhaldið.

Væntanlegum og fyrirliggjandi framkvæmdum er ágætlega lýst í umsókninni, en nokkrar heimildir sem vitnað er til í texta vantar í heimildarlista.

Borholur og borplön:

Miðað er við að bora 2-3 holur 2003-2007. Á svæðum sem eru eins viðkvæm og háhitasvæði landsins eru ætti aðeins að gefa rannsóknarleyfi fyrir fyrirfram staðsettar borholur. Þar sem miðað er við að borholur verði við núverandi vegslóða verður rask sennilega einkum vegna endurbóta á þeim vegslóðum sem eru fyrir hendi á svæðinu og vegna borplana. Vafalaust verður nauðsynlegt að lagfæra slóða, fylla í þá og ef til vill að breyta legu þeirra, einkum neðan við Ketilfjall. Einnig verður rask vegna affalls og hávaði eykst á svæðinu, a.m.k. tímabundið. Hús yfir borholur verða eftir á svæðinu og sennilega gufur frá holum í blæstri. Ef af virkun verður mun rask verða mikið.

Á undanföllum árum hafa landsmenn í auknum mæli áttað sig á mikilvægi landslags í ferðamennsku og útivist. Erfitt er að meta landslag til verðmæta, en auðvelt að finna að sé því spilt. Við borun hola verða ekki mikil áhrif á landslag, en blásandi gufuholur hafa mikil áhrif á landslag og ekki endilega til bóta. Línulagnir hafa mikil og neikvæð áhrif á landslag. Þegar metin eru áhrif á svæði eins og Þeistareykjum þarf að hafa í huga að með breytingum á umhverfinu s.s. með gufustrókum er verið að breyta núverandi landslagi. Þá er einnig rétt að benda á að svæðið er flatlent og engin leið er að minnka áhrif gufustróka, þeir sjást mjög langt að og munu því hafa áhrif á þá tilfinningu sem því fylgir að vera í óbyggðum og flestir ferðalangar sækjast eftir.

Vegir – námur:

Vegur að Þeistareykjum hefur verið styrktur og efni var tekið úr vesturhlíð Bæjarfjalls vegna þess og í borplan. Miðað er við að taka meira efni úr þeirri námu til styrkingar vega og við gerð borplana. Athuga þarf hve mikið efni má taka án þess að valda verulegum landspjöllum á hlíðum fjallsins, en þar getur auk þess aukist hætta á hruni og skriðuföllum. Mælt er með sérstakri úttekt vegna þess.

Með betri vegum má búast við aukinni umferð á svæðið og þarf að gera ráðstafanir vegna þess. Bæði verður meiri hætta á hverasvæðunum og einnig þarf að byggja upp aðstöðu fyrir ferðamenn, s.s. salernisaðstöðu.

Affall:

Við boranir kemur vökví úr borholum og einnig eftir að þær eru komnar í blástur. Við Tjarnarás hagar þannig til að unnt er að farga affallsvatni á fremur snyrtilegan hátt. Um það er ekki að ræða við Ketilfjall og er mælt með að leiða affallsvatn frá borstæði þangað sem það fellur betur inn í landið.

Línur:

Þó ekki sé komið að því að leggja línur frá svæðinu er rétt að minnast á að þær munu ekki falla inn í það landslag sem fyrir er. Svæðið er það flatt að engin leið er að fella háspennumöstur að landslaginu, eina leiðin er að leggja leiðslur í jörð. Ólíklegt er að sátt verði um lagningu háspennumastra á þessu svæði.

Umsögn:

Náttúrufræðistofnun Íslands setur sig ekki á móti rannsóknum á Þeistareykjum, en bendir á að litlar náttúrufræðisrannsóknir hafa verið gerðar á svæðinu.

- Jarðfræði svæðisins er allvel þekkt en talsvert skortir á að mat á mikilvægi jarð- og lífminja liggi fyrir og gróðurfræði og dýralífsrannsóknir vantar að miklu leyti. Stofnunin telur nauðsynlegt að bæta úr því sem fyrst.
- Í sambandi við áframhaldandi rannsóknir á svæðinu á skilyrðislaust að athuga hvaða jarð- og lífminjar þarf að vernda fyrir raski. Miðað við heildarkostnað rannsókna er slíkur kostnaður hverfandi.
- Rannsóknarleyfi ætti aðeins að gefa fyrir fyrirfram staðsettar borholur. Í greinargerð með umsókn eru tvær holur staðsettar og ætti leyfi að ná til þeirra, en ekki til holu sem ekki er lýst í umsókn. Ástæða þess er sú að sjónarmið þeirra sem vinna að virkjun jarðhitasvæða til orkuframleiðslu eru önnur en þeirra sem vilja nýta þau til ferðamennsku og útivistar. Slík sjónarmið er skynslamlegt að sætta áður en framkvæmdir hefjast.
- Háhitasvæðum sem eru ósnortin fer fækkandi í landinu, en aukin ferðamennska krefst þess að slíkum svæðum sé ekki öllum raskað. Þótt áhugavert sé að skoða

virkjanir á jarðhitasvæðum, verður ekki áhugavert að skoða eingöngu virkjanir, meira þarf til.

- Rannsóknir með borunum eru þegar hafnar og ekki er ástæða til að hafna umsókn um frekari borrhannsóknir á næstu árum enda um að ræða mikilvægt svæði fyrir orkuvinnslu á Norðurlandi. Á móti þarf að koma vilji til að ganga snyrtilega um svæðið og halda raski í lágmarki. Það er yfirleitt trúverðurgra að fá aðila sem er ekki háður framkvæmdaraðila til að hafa eftirlit með að vel sé að málum staðið.
- Stofnunin bendir á að erfitt mun verða að hafna nýtingu á orku þeirra svæða þar sem rannsóknarkostnaður er orðinn 500-1000 milljónir króna. Þannig verður að líta á rannsóknarleyfi með borunum sem undanfara nýtingarleyfis og meðhöndla samkvæmt því. Í ljósi þess ætti að huga að atriðum s.s. línustæðum, legu virkjunarmannvirkja o.fl.

Virðingarfyllst,

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS